

023/01 - Sigurborg SH 12

Sigurborg SH-12, skipverji slasast þegar hann missti austurdælu ofan á fót sinn

Sigurborg SH 12

Skipaskr.nr.: 1019

Smíðaður: Noregi 1966 Stál

Stærð: 199,50 brl; 317,00 bt

Lengd: 34,86 m **Breidd:** 7,20 m **Dýpt:** 6,10 m

Vél: Caterpillar 736,00 kW **Ágerð:** 1981

Annað:

Földi skipverja: 9

Atvikalýsing

Hinn 25. febrúar 2001 var m.b. Sigurborg SH-12 á togveiðum. Veður: norðaustan 6-7 vindstig, talsverður veltingur.

Vélstjóri kvaðst hafa verið kallaður til vegna þess að brunndæla bakborðsmegin hafi verið biluð. Hann hafi verið á vakt og því farið og losað um dæluna og lyft henni með krafttalíu upp á fiskkar. Eftir að hafa lyft dælunni upp tók hann til við að laga hana og fann fljótt að aðskotahlutur var í dælunni. Var hann að reyna að losa aðskotahlutinn úr dælunni þegar skipið valt. Kastaðist hann til og festing dælunnar við krafttalíuna losnað. Rann dælan af fiskkarinu og lenti á fæti hans.

Skipverjinn tilkynnti skipstjóra atvikið eftir næstu frívakt þegar líðan hans batnaði ekki og fór til læknis þegar báturinn kom til hafnar.

Við rannsókn kom fram

- að þyngd dælunnar er talin vera um 50-80 kg;
- að engin vitni voru að atvikinu;
- að skipstjóri sagði að um austurdælu hafi verið að ræða.

Nefndarálit

Nefndin telur að óvarlega hafi verið staðið að aðgerðinni með hliðsjón af veðri og hreyfingum skipsins. Hinn slasaði hefði átt að kalla sér til aðstoðar annan skipverja.